

Mál nr. 261/2006

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ strætisvagnsins A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

Árekstur á Smárahvammsvegi í Kópavogi við gatnamót Dalsmára þann 6.11.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 7.12.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.12.2006, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 2.1.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Strætisvagninum A var ekið af stað suður Smárahvammsveg á hægri akrein frá biðstöð skammt norðan Dalsmára. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið suður Smárahvammsveg á vinstri akrein fram með B og beygt til hægri áleiðis vestur Dalsmára. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað við biðstöðina til að taka upp farþega. Hann hafi svo gefið stefnumerki og ekið af stað, en allt í einu fundið högg við að B lenti á vinstra framhorni A. Hann hafi þá snögghemlað.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. og séð A kyrrstæðan og ekki séð nein stefnuljós loga á vagninum. Hann hafi gefið stefnumerki um fyrirhugaða beygju til hægri vestur Dalsmára. Hann hafi svo beygt, en þá fengið A í hlið B.

Álit.

Í texta undir ljósmynd 1, sem fylgdi lögregluskýrslu, kemur fram að stjórnandi A kvað framhurð vagnsins hafi numið við biðstöðina er hann stöðvaði. Vegalengd frá biðstöðinni að framhurð A, þar sem hann stöðvaðist eftir áreksturinn, er sögð hafa mælst 14,8 m. Ökumaður B hugðist beygja til hægri vestur Dalsmára skammt vestan biðstöðvarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar honum að færa ökutækið á hægri akreinina í tæka tíð. Gegn þessu ákvæði braut ökumaður B með því að beygja inn á Dalsmára beint af vinstri akrein. Með því að taka beygjuna á þann hátt sem hann gerði hvíldi rík skylda á ökumanni B, sbr. 2. mgr. 17. gr. ufl., að ganga úr skugga um að hann gæti ekið yfir hægri akrein án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt þessu bar honum að gæta þess sérstaklega að A yrði ekki ekið af stað í sömu andrá og hann beygði í veg fyrir vagninn. Þessa gætti ökumaðurinn ekki. Að þessu virtu telst ökumaður B eiga sök á árekstrinum. Þótt áreksturinn hafi orðið í þann mund sem ökumaður A ók af stað frá biðstöðinni verður það ekki virt honum til sakar þótt honum hafi ekki tekist að varast B áður en í óefni var komið.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 16. janúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.